

GJALDSKRÁ

fyrir búfjárefirlit á Akranesi.

1. gr.

Gjald fyrir sérstaka haustskoðun sbr. 11. gr. laga nr. 103/2002, um búfjárhald o.fl. skal miðast við tímaeiningu. Gjald á tímaeiningu sem er ein klst., er kr. 5.700.-

2. gr.

Eftirlitsgjald sbr. 15, og 16. gr. laga nr. 103/2002, um búfjárefirlit o.fl., skal vera kr. 5.700.- á tímaeiningu.

3. gr.

Aksturskostnaður vegna ferða eftirlitsmanna sbr. 1. og 2. gr. Skal greiddur af umráðamanni hlutaðeigandi búfjár. Kostnaður á hvern ekinn km miðast við gjald sem ákveðið er af ferðakostnaðarnefnd fjármálaráðuneytisins. Virðisaukaskattur reiknast aukalega á hverja gjaldtöku skv. 1., 2. og 3. gr.

4. gr.

Þurfi að leita dómsúrskurðar til að tryggja eftirlitsaðilum aðgang að gripahúsum sbr. 15. gr. laga nr. 103/2002 um búfjárhald o.fl., skal hlutaðeigandi umráðamaður búfjár greiða gjald sem nemur útlögðum kostnaði kaupstaðarins í hverju úrskurðarmáli.

5. gr.


Endurskoðun gjaldskrár þessarar skal fara fram við afgreiðslu fjárhagsáætlunar kaupstaðarins hvert ár.

6. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt var af bæjarstjórn Akraness, er sett með heimild í 4. mgr. 10. gr. laga nr. 103/2002, um búfjárhald o.fl. og staðfestist hér með af ráðherra til að öðlast þegar gildi.

**Þannig samþykkt við síðari umræðu í bæjarstjórn Akraness, 10. febrúar 2004.
Fyrri umræða fór fram 27. janúar 2004.**

Akranesi, 16. febrúar 2004.



Gísli Gíslason bæjarstjóri